



2.4.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2011, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017  
12. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

### Sérstakar kröfur

Í grein 2.4.3 í byggingarreglugerð segir:

„Leyfisveitanda er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga um mannvirki eða þessarar reglugerðar eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt.

Standist mannvirkid eða hluti þess ekki prófun, vottun eða skoðun skal leyfisveitandi gefa eiganda hæfilegan frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Geri eigandi ekki nauðsynlegar úrbætur getur leyfisveitandi gripið til viðeigandi úrræða, sbr. 2.9. kafla.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun, til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga um mannvirki og reglugerðar þessarar og að gerðar séu viðeigandi aðgerðir til úrbóta.

Prófun, skoðun og vottun skal fara fram í samræmi við viðeigandi staðla af aðila sem viðurkenndur er af Mannvirkjastofnun. Heimilt er leyfisveitanda að krefjast þess að faggiltur aðili annist þetta, sbr. lög um faggildingu o.fl. Séu ekki til staðlaðar prófunarlýsingar skal prófandi leggja fram skriflega lýsingu um prófunina ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

### Leiðbeiningar

#### 1 Hvenær er þörf á prófun, skoðun eða vottun

Leyfisveitanda er heimilt að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar á mannvirki, hlutum þess eða tæknibúnaði á kostnað umsækjanda ef rökstuddur grunur er um að það uppfylli ekki kröfur laga um mannvirki, byggingarreglugerðar, viðeigandi staðla eða ef viðkomandi hlutur eða tæknibúnaður hefur ekki verið notaður áður við sambærilegar aðstæður eða á sambærilegan hátt.

Eigendur mannvirkja eiga kost á að koma ábendingum til leyfisveitanda varðandi meinta galla í mannvirkjum sem geta leitt til þess að leyfisveitandi fari fram á prófun, vottun eða skoðun.

Leyfisveitandi getur einnig farið fram á prófanir vegna hönnunar mannvirkisins svo sem álagsprófanir vegna burðarstyrks, niðurbeygju byggingahluta, stöðuleika mannvirkisins,



þéttleika, hitaúttreymis og hjóðvistarkrafna, enda sé rökstuddur grunur um að kröfur séu ekki uppfylltar eða um nýjung að ræða.

Þegar sérstaklega stendur á getur leyfisveitandi við útgáfu byggingarleyfis sett skilyrði um að prófun, vottun eða skoðun skuli framkvæmd á kostnað umsækjanda eftir að mannvirki er tekið í notkun, til að tryggja að uppfyllt séu ákvæði laga um mannvirki og reglugerðar þessarar.

Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að krefjast prófunar, vottunar eða skoðunar skal leyfisveitandi veita hæfilegan frest til að leggja fram frekari gögn til staðfestingar á að mannvirki eða hlutar þess uppfylli ákvæði byggingarreglugerðar og viðeigandi staðla.

Dæmi 1:

Leyfisveitandi fer fram á að prófanir séu gerðar á einstökum byggingarhluta í fullbyggðu mannvirki, til dæmis hvort hönnun þúða undir mannvirki og framkvæmd þjöppunarprófs uppfylli forsendur og skilgreiningar í hönnunargögnum og greinagerðum hönnuða sem og ákvæði gildandi byggingarreglugerðar og viðeigandi staðla.

Dæmi 2:

Leyfisveitandi fer fram á að prófanir séu gerðar á einstökum byggingarhluta í fullbyggðu mannvirki, til dæmis hvort hljóðeinangrun einstakra rýma uppfylli forsendur og skilgreiningar í hönnunargögnum og í greinagerðum hönnuða sem og ákvæði gildandi byggingarreglugerðar og viðeigandi staðla.

## 2 Framkvæmd prófunar, vottunar eða skoðunar

Ef þörf er á prófun, vottun eða skoðun skal hún framkvæmd af aðila sem viðurkenndur er af Mannvirkjastofnun til verksins og skal öll framkvæmd vera í samráði við leyfisveitanda. Almennt er við það miðað að eigandi mannvirkis eða annar sá aðili sem ábyrgð ber á viðkomandi framkvæmd semji við viðkomandi prófunar-, vottunar- eða skoðunaraðila um framkvæmd verksins og greiðslu kostnaðar. Leyfisveitanda er heimilt að krefjast þess að faggiltur aðili annist prófun, vottun eða skoðun, samanber lög um faggildingu og fleira. Séu ekki til staðlaðar prófunarlýsingar skal prófandi leggja fram skriflega lýsingu um prófunina ásamt rökstuðningi fyrir réttmæti prófunaraðferðar. Skoðunaraðili skal gera grein fyrir niðurstöðum prófunar, vottunar eða skoðunar í skýrslu.

Standist mannvirkið eða hluti þess ekki prófun, vottun eða skoðun skal leyfisveitandi gefa eiganda hæfilegan frest til að gera nauðsynlegar úrbætur. Geri eigandi ekki nauðsynlegar úrbætur getur leyfisveitandi gripið til viðeigandi úrræða, samanber 2.9. kafla byggingarreglugerðar.

## 3 Gjöld vegna prófunar, skoðunar eða vottunar

Allur kostnaður við prófun, skoðun eða vottun skal greiddur af eiganda mannvirkis.



### Tilvísanir

- Byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum